Djúpivogur 12. 12. 2019

Ágæta sveitastjórn Djúpavogshrepps.

Við systkinin frá Aski óskum eftir fyrir hönd foreldra okkar, Sigurðar Guðjónssonar og Ragnhildar Garðarsdóttur að þau fái að kaupa jörðina sem heimili þeirra Askur stendur á, sem og landskika þar í kring. Samtal eru þetta 2 hektarar. Um er að ræða lóðina innan girðingar sem Askur stendur á, sem og mýrina að klettabrún frá veghæðabrún að skriðum Hálsa austan við lóðina. Skikann ofan girðinar aftan við Ask frá enda mýrarinnar að skriðurótum vestan megin. Einnig landið sem liggur frá skriðurótum vestan við lóðina að skógræktargirðingu, kringum bílastæði og niðureftir meðfram götunni að hæðarbrún.

Foreldrar okkar hafa fá þeim degi sem þau keyptu Ask árið 1962, sáð og ræktað tré og annan gróður á lóðinni sem og utan lóðar og sinnt landinu af alúð og umhyggju. Þau bera sterkar taugar til jarðarinnar sem þau hafa hlúð að allan sinn búskap. Það á einnig við um okkur börnin þeirra.

Þar sem sveitastjórn Djúpavogshrepps hefur nú þegar selt aðilum land úr jörðinni Búlandsnesi en neitað foreldrum okkar þegar þau óskuðu eftir að fá að kaupa á sínum tíma. Mælumst við systkinin til þess við okkar ágætu sveitastjórn Djúpavogshrepps að hún endurskoði afstöðu sína til jarðasölu til foreldra okkar og selji þeim jörðina sem þau óska eftir á sama verði sem viðgekkst þegar aðrar jarðir voru seldar.

Með vinsemd og virðingu fyrir hönd foreldra okkar.

Einar Sigurðsson

Sigurbjörg Sigurðardóttir

Elva Sigurðardóttir

Karólína Ragna Sigurðardóttir

Guðjón Garðar Sigurðsson

Djúpivogur | Kort af Íslandi | Lo… × (1) Facebook × +

map.is/djupivogur/#

Apps Bookmarks Vísir - Forsíða Google http://www.facebo... Amadeus netinnritun. Fréttir - mbl.is NetAvisin.fo Google leit Textavarp.is »

